

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2017

2019/EES/11/13

frá 5. maí 2017

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2241 frá 9. desember 2016 þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu fræs af tilteknum stofnum af tegundinni *Beta vulgaris* L. sem fullnægir ekki kröfum í tilskipun ráðsins 2002/54/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2242 frá 9. desember 2016 þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu fræs, *Hordeum vulgare* L. af yrkinu Scrabble, sem fullnægir ekki kröfum í tilskipun ráðsins 66/402/EBE ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 59. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2014/150/ESB) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „60. **32016 D 2241:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2241 frá 9. desember 2016 þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu fræs af tilteknum stofnum af tegundinni *Beta vulgaris* L. sem fullnægir ekki kröfum í tilskipun ráðsins 2002/54/EB (Stjútíð. ESB L 337, 13.12.2016, bls. 20).
61. **32016 D 2242:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2242 frá 9. desember 2016 þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu fræs, *Hordeum vulgare* L. af yrkinu Scrabble, sem fullnægir ekki kröfum í tilskipun ráðsins 66/402/EBE (Stjútíð. ESB L 337, 13.12.2016, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2016/2241 og (ESB) nr. 2016/2242, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 337, 13.12.2016, bls. 20.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 337, 13.12.2016, bls. 22.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.